



Reykjavík, 30. október 2024

MSS2410008

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um gerð stefnu og áætlunar um gönguvæna borg

Ábyrgðarmaður:

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

Inngangur:

Borgarstjórn samþykkti 15. október 2024 sameiginlega tillögu borgarstjórnar um að skipa stýrihóp um vinnu við gerð stefnu og áætlunar um gönguvæna borg. Í vinnunni verði mótuð sýn og aðgerðir um þróun Reykjavíkur sem frábær borg fyrir gangandi vegfarendur og hvernig hægt er að auka aðgengi, öryggistilfinningu, vellíðan og hlutdeild gangandi vegfarenda í ferðum innan borgarinnar og stytta og einfalda ferðir þeirra. Vinan skuli einnig gagnast í þágu aðgengis fyrir fatlað fólk.

Hlutverk:

Að móta tillögu að stefnu og áætlun um gönguvæna borg að fyrirmynd hjólréiðaáætlunar.

Helstu verkefni:

- Gera tillögu að stefnu og áætlun um gönguvæna borg og hvernig hægt er að auka aðgengi, öryggistilfinningu, vellíðan og hlutdeild gangandi vegfarenda í ferðum innan borgarinnar og stytta og einfalda ferðir þeirra.
- Öruggar og aðgengilegar gönguleiðir barna í skóla og tómstundir verði sérstakt áhersluatriði vinnunnar.
- Mótun áætlunar um úrbætur á innviðum eins og gangstéttum, gönguþverunum og ljósastýringu.
- Stefnumörkun um útfærslur göturýmis og gönguþveranna.
- Stefnumörkun um óskastíga.
- Yfirferð áætlunar um hraðalækkandi aðgerðir sem eftirfylgni hámarkshraðaáætlunar.
- Vinna við að bæta vetrar- og vorþjónustu á gönguleiðum.
- Leiðir til að auka öryggi og aðgengi gangandi við framkvæmdasvæði.
- Aðrar leiðir til að stytta við umferð gangandi vegfarenda í borginni.

Stýrihópin skipa:

Dóra Björt Guðjónsdóttir, formaður

Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir

Birkir Ingibjartsson

Kjartan Magnússon



Reykjavík



Andrea Jóhanna Helgadóttir

Starfsmaður starfshópsins:

Starfsmaður frá umhverfis- og skipulagssviði.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á og eigi samráð við umhverfis- og skipulagsráð, Samtök um bíllausan lífsstíl, fulltrúa skóla og tómstundariðkunar sem og foreldrasamfélagið.

Starfstímabil og skil:

Stýrihópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum eigi síðar en um miðjan júní 2025.

Ólöf Örvarsdóttir



Reykjavík